



Spáum óbreyttum stýrivöxtum

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands fundar á næstu dögum vegna ákvörðunar um stýrivexti Seðlabankans sem tilkynnt verður í næstu viku. Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að nefndin haldi vaxtastiginu óbreyttu.

Hófsamar launahækkanir skilyrði fyrir frekari lækkun vaxta

Orðalagið í yfirlýsingu og fundargerð Peningastefnunefndarinnar frá því í febrúar er nokkuð afgerandi:

„[er] það mat nefndarinnar að haldist verðbólga undir verðbólguþröskulmiði og verði launahækkanir í komandi kjarasamningum í samræmi við verðbólguþröskulmið gætu, að öðru óbreyttu, skapast forsendur fyrir frekari lækkun nafnvaxta“.

Þetta orðalag gefur til kynna að frekari vaxtalækkanir koma ekki til greina fyrr en mynd kemst á niðurstöður yfirstandandi kjaraviðræðna. Það er skemmst frá því að segja að ekkert hefur þokast í viðræðum milli aðila frá síðasta fundi peningastefnunefndarinnar.


Verðbólga 0,8% þrjú mánuði í röð og hagvöxtur í takt við spá Seðlabankans

Verðbólgan hefur haldist óbreytt frá síðasta fundi nefndarinnar. Án húsnæðiskostnaðar er 0,9% verðhjöðnun, en verðhjöðnun hefur mælst á þennan mælikvarða síðan í nóvember í fyrra. Undirliggjandi verðbólga (skv. kjarnavísitölu 3) mælist hins vegar 1,3% og hefur haldist nokkuð stöðug undanfarna 4 mánuði.

Bráðabirgðamat Hagstofunnar á þróun landsframleiðslunnar á síðasta ári var nokkurn veginn í takt við spá Seðlabankans frá því í febrúar.


Þróun verðbólgu og eftirspurnar í hagkerfinu gefur því ekki sérstakt tilefni til þess að ætla að áherslur peningastefnunefndarinnar muni breytast mikið milli funda.

Vextir Seðlabanka Ísland



Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðbólga -ásamt framlagi undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.